

Alþingi  
Erindi nr. P 133/968  
komudagur 9.2.2007

9. febrúar 2007

Heilbr.- og trygginganefnd Alþingis

Góðan daginn, háttvirtu þingmenn.

Mig langaði til að tjá mig um frumvarpið Tæknifrjóvgun sem nú er til umræðu á Alþingi. Mér finnst siðferðislega rangt að nota umframfósturvíska til stofnfrumurannsókna og í sérstaka tilfellum til einræktunar. Mér finnst að það verði að draga mörk um það hvað er rétt og hvað ekki og nýta aðrar leiðir sem í boði eru. Ég hlustaði á Þuríði Backman flytja erindi um frumvarpið í fyrstu umræðu og hún benti einmitt á að það þyrfti ekki að nota umframfósturvíska til að ná þessum framförum í læknávisindunum, heldur væri vel eins hægt að nota stofnfrumur úr naflastrengjum og legvatni. Einnig hef ég lesið mér til um að hægt sé að nota stofnfrumur úr legkökum.

Fyrst að þetta er svona mikið siðferðislegt álitamál og í boði er að fara aðrar leiðir, þá finnst mér að það ætti að taka þær til greina, þannig að ég hvet ykkur til þess að hugleiða það.

Ég er þakklát fyrir þau störf sem þið vinnið og geri mér grein fyrir því að það hvílir mikil ábyrgð á herðum ykkar. Gangi ykkur vel að taka góða ákvörðun í þessu máli.

Kær kveðja,  
Ingunn Huld Sævarsdóttir, 23. ára kennaranemi.